**31. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 18. apríl 2016 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.
**Fyrir tekið:**

1. **1604149 - Vorhreinsun 2016**

   *Garðyrkjustjóri og byggingarfulltrúi fóru yfir hugmyndir um vorhreinsun 2016. Stefnt er að því að hreinsunin verði frá 27. apríl til 4. maí.*

2. **1604092 - Breiðin útivistarsvæði 2016**

   *Garðyrkjustjóri fór yfir hugmyndir af útliti og staðsetningu salernishúss á svæðinu.*

3. **1604154 - Loftlagsverkefni landverndar**

   *Málið kynnt.*

4. **1505065 - Suðurgata 64 - rif og förgun**

   Kynning á tilboðum

   *Eftirfarandi tilboð bárust:*

   *Skóflan ehf. kr. 5.500.000*
   *Þróttur ehf. kr. 8.360.566*
   *Íslandsgámar ehf. kr. 8.212.892*
   *BÓB ehf. kr. 4.140.000*
   *Kostnaðaráætlun kr. 5.350.000*

   *Sviðstjóri skipulags- og umhverfissviðs falið að ræða við lægstbjóðanda.*

5. **1604146 - Krókalón - endurnýjun framkvæmdaleyfis**

   *Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið um endurnýjun framkvæmdaleyfis vegna lagningar sjó- og landlagna aðalfráveiturkerfis, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.*

6. **1604011 - Deilisk. - Sementsreitur.**

   *Skipulags- og umhverfisráð leggur eftirfarandi til við bæjarstjórn:*

   *Að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, til kynningar á tímabilinu 22.04.2016 til og með 11.05.2016.*

EB

*Að haldinn verði kynningarfundur 11.05.2016 þar sem fólki gefst kostur á að koma með athugasemdir við fyrirliggjandi skipulagslýsingu.*

**7. 1602234 - Deilisk. Flatahverfi klasi 7-8 - Skógarflöt 19**

Grenndarkynnt var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir fasteignaeigendum að Skógarföt 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20 og 21. Engar athugasemdir bárust.

*Lagt er til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulaginu samkvæmt grenndarkynningu verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**8. 1604150 - Deilisk. Jaðarsbakka Guðlaug**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Jaðarsbakka lagt fram.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að deiliskipulagi verði samþykkt samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til kynningar.*

**9. 1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B**

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs að gera greinargerð vegna athugasemda sem bárust.*

**10. 1603090 - Kirkjubraut 33-35 - ósk um viðbótarlóð**

Erindi íbúa við Kirkjubraut 33-35 þar sem þau óska eftir að fá 6. metra breiða viðbótalóð við endan á bílskúrum þeirra, undir geymslu á kerrum, ferðavögnum og öðrum ökutækjum.

*Málið kynnt.*

**11. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016**

*Farið yfir viðhald gatna.*

**12. 1604002 - Jörundarholt - Bílastæði og útskot fyrir strætisvagn**

Kynning á tilboðum.

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*Þróttur ehf. kr. 17.579.631*
*Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar kr. 17.246.800*
*Skóflan hf kr. 19.350.000*
*Kostnaðaráætlun kr. 18.054.825*

*Sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að ræða við lægstbjóðanda.*

**13. 1604062 - HVE - ástand gatna hjá Akraneskaupstað**

Bæjarráð vísar erindi starfandi sjúkraflutningsmanna á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi um ástand gatna hjá Akraneskaupstað, til skipulags- og umhverfisráðs með tilliti til forgangsröðunar í gatnaframkvæmdum. Jafnframt

EB

tekur bæjarráð undir mikilvægi þess að lagfæra gatnakerfið á Akranesi og stefnt er að frekari fjárfestingu í þeim efnum á allra næstu árum.

*Málið kynnt.*

**14. 1604128 - Markaður á Akratorgi**

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti erindi Kristbjargar Traustadóttur um markað á Akratorgi en óskar eftir umsögn skipulags- og umhverfisráðs.

*Skipulags- og umhverfisráð er ekki á móti skipulögðum viðburðum á torginu. Ekki er tekin afstaða til einstakra viðburða.*

**15. 1604118 - Tónlistar og menningarhús**

Bæjarráð tekur vel í erindi Carmenar Jóhannsdóttur um tónlistar og menningarhús á Akranesi og býður henni á sameiginlegan fund bæjarráðs og skipulags- og umhverfisráðs til að veita nánari upplýsingar.

*Málið kynnt.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.**